

Greiði Arnarflug ekki vangreiddan flugvallarskatt verður reksturinn stöðvaður 30. apríl:

Verða 3,2 millj. kr. banabittinn?

Arnarflug stendur enn frammi fyrir þrengingum því að hafi félagið ekki staðið skila á flugvallarskatti fyrir næstu mánaðamót verður rekstur félagsins stöðvaður. Um 3,2 milljónir króna mun vera að ræða.

„Ég bað lögregluna að loka hjá þeim vegna þess að þeir innheimta þennan skatt fyrir ríkissjóð og hafa ekki heimild til að ráðstafa honum

sjálfir. Það varð að sammæli milli mín og lögreglustjóra að félagið hefði frest til 30. apríl. Verði þeir ekki búnir að gera að fullu upp þá, verður rekstur þess stöðvaður,“ sagði flugmálastjóri.

Svipuðu máli gegnir með flugvallarskatt og söluskatt. Flugfélögin innheimta skattinn við sölu farmiða og eiga að standa skila á honum fyrir

15. hvers mánaðar eftir flugið til embættis flugmálastjóra.

Flugmálastjóri sagði í samtali við Tímenn að Arnarflug væri ekki farið að greiða neitt af skattinum ennþá. Ekki væri hægt að semja um greiðslu hans frekar og ekki yrði um að ræða að greiða hann með víxlum eða skuldabréfum af nokkru tagi – aðeins í reiðufé.

Tímenn fékk ekki uppgæfið hvernær Arnarflug mun gera upp skuld sína en fjármálastjóri fyrirtækisins sagði að það yrði gert fyrir mánaðarlok, annað kæmi blaðamanni ekki við. —sá



Útigangsgemlingar

Eins og við greindum frá á dögunum fundurst þrír útigengnir gemlingar fyrir ofan bæinn Hrútholt í Eyjahreppi á annan dag páska. Gemlingana á Halldór hreppstjóri Jónsson á Pverá. Það þótti tíðindum sæta hversu vel á sig komnir gemlingarnir voru og hefðu einhverntíma þótt vel fram gengnir af húsi, ull farin að losna frá hálsi og talsvert hornahlaup. Hér má sjá bræður Magnús og Helga Guðjónssyni, bændur í Hrútholti, með gemlingana.



Tímamynd Árni Bjarna

Myndlistarsýning í Búnaðarbanka

Um helgina var opnuð myndlistarsýning á vegum Búnaðarbanka Íslands að Kjarvalsstöðum í tilefni af 60 ára afmæli bankans. Við það

tækifæri flutti Guðni Ágústsson, alþingismaður og formaður bankaráðs Búnaðarbankans, stutt ávarp. Sýningin er opin kl. 11-18 til 6. maí.

Áhugaverð ferð í byrjun júní:

Bændaferð til Skotlands

Flugferðir, Sólarflug gengst fyrir bændaferð til Skotlands og Orkneyja í júní í samvinnu við ferðabjónustu bændi í Skotlandi. Gist verður nokkrar nætur hjá skoskum bændum, sem reka fjölbreytta ferðabjónustu af ýmsu tagi.

Ekið verður um hin fögru vatnahéruð Skotlands. Leiðin liggur um blómleg landbúnaðarhéruð og heimsottir ýmsir sögufrægir skoskir bæir og þorp. Farið verður til Inverness, þar sem bændur reka umfangsmikla ferðabjónustu, en þar er einnig mikil silung og laxveiði. Síðan liggur leiðin til Norður-Skotlands, en frá Katanesi er farið yfir sundið til Orkneyja. Gist verður í Kirkwall og eyjarnar skoðaðar, m.a. fornminjar frá dögum söguvaldar en á þeim tíma

komu Orkneyjar mikið við sögu Íslands. Ferðalok verða í Edinborg.

Það er ferðabjónusta bændi á Skotlandi sem hefur veg og vanda af ferðinni og skipuleggur fjölbreytta kynningu á lífi og störfum bændi. Heimsótt verða áburðarverksmiðja, bændaskóli, tilraunabú og whisky-verksmiðja en sú afurð telst til landbúnaðarafurða.


Ferðalöngum gefst tækifæri til að kynna af eigi raun umfangsmikilli ræktun eldisfiska í vötnum og fjörðum og markaðssetningu þeirra.

Nánari upplýsingar um ferðina fást í síma 91-15331. —EÓ

Silawrap rúllupökkunarvélar

frá UNDERHAUG

Á aðeins örfáum árum hefur SILAWRAP rúllupökkunarvélin valdið byltingu í pökkun þurrheys og votheys og eru nú í notkun yfir 9000 vélar víða um heim og fer stöðugt fjölgandi, enda er hún ein eftirsóttasta pökkunarvélin á markaðnum.



Silawrap

er langmest selda pökkunarvélin á Íslandi.

Silawrap Viðurkennd hágæða vara.

Reynd á Hvanneyri og mörgum öðrum slíkum stofnunum víða um heim. Vélar eru tengdar á þritengi eða dregnar. Fást í ýmsum útfærslum.

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum okkar.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA
JÖTUNN

VÉLAR

HÖFÐABAKKA 9 112 REYKJAVÍK SÍMI 91-670000

Jötunn til liðs við þig